

Alþingi
Erindi nr. P 141/1409
komudagur 8.2.2013



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2013

Tilvísun: 201301112/2.5

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga

Skipulagsstofnun barst tölvupóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. janúar 2013 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar við frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga. Umsagnarfrestur var gefinn til 8. febrúar 2013. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á náttúruverndarlögum og er unnið með hliðsjón af svokallaðri hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands sem gefin var út 2011.

Skipulagsstofnun fagnar því að meginreglur verði lögfestar sbr. II. kafla frumvarpsins. Það er án vafa mjög til bóta að slíkar meginreglur verði festar í lög og hægt verði að vitna til þeirra t.d. þegar gert er upp á milli kosta við mat á umhverfisáhrifum, við skipulagsgerð og við leyfisveitingar. Skipulagsstofnun vill koma þeim ábendingum á framfæri hvort ekki ætti að skerpa frumvarpið m.t.t. náttúruverndar og úrræði við brotum á þeim og draga úr málsmeðferð vegna leyfisveitinga sem falla undir aðra löggjöf og ábyrgðaraðila. Ef það er ekki gert þarf að skoða betur ákvæði frumvarpsins hvað varðar ákvarðanir um framkvæmdir, eftirlit, bótarétt o.fl. í tengslum við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2012 og laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar við frumvarp til laga um náttúruvernd.

I. kafli Markmið, gildissvið og skilgreiningar

Í 5. gr. frumvarpsins telur Skipulagsstofnun að vanti að skilgreina hugtakið *óbyggð víðerni*, sbr. skilgreiningu í greinargerð með frumvarpinu. Í núgildandi lögum er talað um ósnortin víðerni en nú óbyggð víðerni.

IV. kafli. Almennaréttur, útivist og umgengni.

Í 30. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir til að bæta aðstöðu til útivistar og eru taldar upp m.a. framkvæmdir eins og göngubrýr og tjaldsvæði. Fyrirgreindar framkvæmdir eru skipulagsskyldar og því ekki nægjanlegt að óska eingöngu eftir samþykki eiganda eða rétthafa lands.

VII. kafli. Friðlýsing svæða

Skipulagsstofnun minnir á að allar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess eru skipulagsskyldar sbr. 1. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar með eru framkvæmdir á náttúruverndarsvæðum og friðlýstum svæðum einnig skipulagsskyldar og háðar byggingar- eða framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, eftir því sem við á, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki nr. 160/2010.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar eru í skipulagi til grundvallar leyfisveitingum, þ.m.t. hvernig tekið er tillit til stefnu stjórnvalda um náttúruvernd. Sveitarstjórn ber jafnframt skylda til að hafa eftirlit með framkvæmdum og að þær séu í samræmi við skipulag. Framkvæmdaraðila er þannig ekki heimilt að framkvæma, sbr. 1. mgr. 12. skipulagslaga, án aðkomu sveitarstjórnar. Þegar ekki liggur fyrir deiliskipulag þarf að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með útgáfu leyfis til framkvæmda, sbr. 1. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga. Einnig er hægt, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir, getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar, sbr. 5. mgr. 13. gr. skv. 44. gr. sl.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf að leggja ríkari áherslu á ábyrgð og hlutverk sveitarstjórna við framfylgd náttúruverndarlaga. og að samráð og beiðni um umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda eigi sér stað á undirbúningsstigi framkvæmdar, þ.e. við gerð skipulags en ekki þegar kemur að útgáfu leyfis, nema þegar ekki liggur fyrir samþykkt skipulag sem umræddar stofnanir hafi veitt umsögn um, sjá umsögn um IX. kafla hér á eftir.

Frumvarpið virðist almennt ekki gera ráð fyrir að á svæðum sem talið er tilefni til að friðlýsa eða friða liggi fyrir staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Bent er á að staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag, sem birt hefur verið í B-deild Stjórnartíðinda, getur falið í sér ákveðnar heimildir til aðgerða og framkvæmda sem strítt geta gegn áformum um friðlýsingu eða friðun. Því þarf að huga að samspili skipulags annars vegar og friðlýsingar og friðunar hins vegar. Í ákvæðum um friðlýsingar og friðun þarf jafnframt að huga að hlutverki sveitarstjórnar annars vegar og hlutverki Umhverfisstofnunar hins vegar hvað varðar útgáfu leyfa, eftirlit með framkvæmdum og þess að setja skilyrði á framkvæmdir og athafnir.

Í 37. gr. frumvarpsins er kveðið á um réttaráhrif af skráningu minja á náttúruminjaskrá. Ráðherra er heimilt að kveða á um tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu sem getur skaðað verndargildi náttúruminja sem skráðar hafa verið á B-hluta náttúruminjaskrár og getur slíkt bann varað í fimm ár og jafnvel lengur. Skipulagsstofnun vekur athygli á að slíkt bann getur náð til framkvæmda sem heimilar eru samkvæmt skipulagi og því þarf að skýra hvort og þá hvaða áhrif ákvörðun ráðherra skv. 2. mgr. 37. gr. hefur gagnvart ákvörðunum í gildandi skipulagi.

Í 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins er kveðið á um efni auglýsinga um friðlýsingu og takmarkanir sem af henni leiða. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að taka fram í auglýsingu um friðlýsingu takmarkanir sem friðlýsingin hefur á skipulag svæðis, þegar það á við.

Í 41. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar. Virðist sem ákvæði greinarinnar sé beint að framkvæmdaraðilum en eðlilegra er að því sé beint að sveitarstjórn og að það sé hún sem sækir um undanþágu frá friðlýsingu. Ekki er æskilegt að framkvæmdaraðili sækir um undanþágu ef sveitarstjórn er ekki fylgjandi viðkomandi framkvæmd. Undanþága frá friðlýsingu ætti að vera til umfjöllunar við samráð á vinnslustigi skipulags, sbr. gr. 3.2. í nágildandi skipulagsreglugerð. Í því samráðsferli getur Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands komið að skilyrðum sem talin er þörf á að setja í skipulagi friðlýsts svæðis.

Í 42. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt landeigenda og réttihafa til bóta vegna friðlýsingar sem hindrar nýtingu á tilteknu landi. Í frumvarpinu er miðað við að bótaréttur geti aðeins skapast ef leyfi er fengið áður en framkvæmdaáætlun um friðlýsingu er kynnt. Eins og áður hefur verið bent á geta takmarkanir af völdum friðlýsingar á notkun lands haft áhrif á heimildir réttihafa til framkvæmda og starfsemi samkvæmt gildandi skipulagi.

Skipulagsstofnun leggur til að 2. málslíður 1. mgr. 42. gr. verði orðaður með eftirfarandi hætti:

„Ef um er að ræða nýtingu, sem leyfis er krafist til, gildir réttur til bóta einungis ef heimild er í skipulagi skv. skipulagslögum til umræddrar nýtingar eða að leyfi til nýtingar samkvæmt lögum hefur verið veitt áður en framkvæmdaáætlun (B-hluti náttúruminjaskrár) sem gerir ráð fyrir friðlýsingu svæðisins er kynnt, sbr. 2. mgr. 36. gr.“

Hugsanlegt er að friðlýsing leiði til þess að sveitarstjórn þurfi að breyta skipulagi til samræmis við friðlýsingarskilmála. Í 51. gr. skipulagslaga er ákvæði um að ef gildistaka skipulags leiðir til þess að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðist frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður að þá eigi sá sem getur sýnt fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum ökum á rétt á bótum úr sveitarsjóði. Skoða þarf tengslin á milli bótaréttar vegna gildistöku skipulagsbreytingar skv. skipulagslögum, sem verður til vegna friðlýsingar skv. náttúruverndarlögum og þess hver ber bótaskylduna.

VIII. kafli Flokkar friðlýstra svæða.

Í 53. gr. frumvarpsins um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis segir að setja megi skilyrði á starfsemi og framkvæmdir utan friðlýstra svæða til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni. Eins og áður hefur verið bent á eru í aðalskipulagi og sérstaklega í deiliskipulagi tiltekin réttindi og skyldur á landeigendur og framkvæmdaraðila um aðgerðir og framkvæmdir. Skýrar þarf að koma fram hvaða aðili getur sett skilyrði sem takmarka starfsemi utan friðlýstra svæða og með hvaða hætti það er gert. Þá þarf að vera skýrt hvert vægi slíkra skilyrða er gagnvart skipulagsákvæðum í staðfestu aðalskipulagi og skipulagsskilmálum í samþykktu deiliskipulagi.

IX. kafli. Friðlýsing vatna- og jarðhitasvæða og fleira

Í IX. kafla eru þrjár greinar, tvær um friðlýsingu og ein um vernd. Skipulagsstofnun telur að huga ætti að því að fella 54. gr. og 55. gr. undir kaflann um flokka friðlýstra svæða.

Í 54. gr. frumvarpsins eru tekin upp ákvæði úr lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun um friðlýsingu gagnvart orkuvinnslu. Vakin er athygli á að orðalagið „*friðlýsing gagnvart orkuvinnslu*“ hefur vakið spurningar um hvort slík friðlýsing takmarki þá ekki aðra landnotkun en orkuvinnslu. Verður sveitarstjórn til að mynda heimilt að skipuleggja frístundabyggð á slíku svæði og hægt væri að gefa út leyfi fyrir borun á vatni fyrir þá sumarbústaðaeigendur? Skýrar þarf að vera hvað felst í friðlýsingu gagnvart orkuvinnslu.

Ákvæði 56. gr. frumvarpsins um vernd bakkagróðurs virðist umkomulaust í IX. kafla, sem annars fjallar um tiltekna flokka friðlýsingar og ætti kannski betur heima undir öðrum ákvæðum laganna t.d. X. kafla um vernd jarðminja, vistkerfa, vistgerða og tegunda. Í greininni er kveðið á um að viðhalda skuli bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Skipulagsstofnun leggur til að hugað verði að sambærilegu ákvæði til verndar gróðurs og landslags á ströndum meðfram sjó. Stofnunin vekur athygli á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að utan þéttbýlis skuli ekki byggja nær vötnum, ám eða sjó en 50 m, sbr. gr. 5.3.2.13.

Í 57. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðmyndana. Í 3. mgr. segir að óheimilt sé að raska vistkerfum og jarðmyndunum sem taldar eru upp í 1. og 2. gr. 57. gr. frumvarpsins nema að brýna nauðsyn beri til og aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Áður en byggingar- eða framkvæmdaleyfi er veitt skal leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir um. Skipulagsstofnun bendir á að ef ekki liggur fyrir skipulag til grundvallar útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þarf að vinna skipulag fyrir framkvæmdasvæðið eða leita meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 1.tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga. Að mati stofnunarinnar þarf að tengja betur ákvæði náttúruverndarlaga við ákvæði skipulagslaga.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er kveðið á um að haft sé samráð við þá aðila sem fara með þá málaflokka sem skiplagið nærri til. Við gerð aðalskipulags er haft samráð við Umhverfisstofnun og hefur Skipulagsstofnun fylgt því eftir við afgreiðslu á heildstæðum aðalskipulagstillögum og við aðalskipulagsbreytingar á náttúruverndarsvæðum. Jafnframt hefur Skipulagsstofnun krafist að leitað sé umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum. Því þarf að mati stofnunarinnar að undanskilja í 57. gr. frumvarpsins þær skipulagsáætlanir sem Umhverfisstofnun hefur þegar veitt umsögn um á grundvelli 33. gr. nógildandi náttúruverndarlaga og gr. 4.2.1 í nógildandi skipulagsreglugerð.

Í 5. mgr. 57. gr. segir að leyfisveitandi skuli rökstyðja sérstaklega ef hann ákveður að heimila framkvæmd sem gengur gegn áliti umsagnaraðila. Að mati Skipulagsstofnunar getur slíkur rökstuðningur fyrir útgáfu framkvæmda- og/eða byggingarleyfis aðeins átt við þegar um er að ræða leyfisveitingu á náttúruverndarsvæðum í þeim tilfellum sem leita þarf meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 1. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga eða þegar um er að ræða eldri skipulag sem Umhverfisstofnun hefur ekki veitt umsögn um skv. 33. gr. nógildandi náttúruverndarlaga og ákvæðum gr. 3.2 í skipulagsreglugerð. Ákvæðið getur ekki að öðrum kosti átt við.

Lagt er til að breyta 5. mgr. 57. gr. frumvarpsins í þá veru að áður en sveitarstjórn samþykkir að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með útgáfu framkvæmda- og/eða byggingarleyfis, skv. 1. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga eða samþykkja grenndarkynningu, sbr. 44. gr. sl., á friðuðum eða á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 57. gr. frumvarps til náttúruverndarlaga, þurfi að liggja fyrir umsagnir Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar. Umsagnir þessara aðila og rökstuðningur sveitarstjórnar með ákvörðun, gangi hún gegn álitum umsagnaraðila, þurfa að fylgja ósk um meðmæli Skipulagsstofnunar með útgáfu leyfa til framkvæmda.

Þar sem fyrir liggur eldra skipulag sem Umhverfisstofnun hefur ekki fengið til umsagnar, verði sveitarstjórn gert skylt að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndar og ef við á Skógræktar ríkisins, áður en veitt er leyfi til framkvæmda. Sveitarstjórn rökstyðji sérstaklega gangi hún gegn álitum umsagnaraðila og sendi Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands afrit af útgefnum leyfum ásamt rökstuðningi, sbr. 6. mgr. 57. gr. frumvarpsins.

Í 2. málslíð 5. mgr. 57. gr. segir að heimilt sé að binda leyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufræðistofnun sem verða fyrir röskun. Óljóst er hverjum er samkvæmt ákvæðinu heimilt að setja slík skilyrði. Huga þarf að skilyrðum skipulags fyrir framkvæmdum ef þau eru önnur en hér um ræðir. Skýrt þarf að vera hvert vægi slíkra skilyrða er gagnvart skipulagsákvæðum í staðfestu aðalskipulagi og skipulagsskilmálum í samþykktu deiliskipulagi sbr. einnig umfjöllun hér að framan.

Í 58. gr. frumvarpsins er fjallað um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda. Skipulagsstofnun leggur til að 57. gr. um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðmyndana verði flutt í lok X. kafli þannig að 58. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tengdar greinar komi í kjölfar greina um friðlýsingar, þar sem bæði friðlýsingarflokkarnir og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda mynda saman A- hluta náttúruinjaskrár.

Í 59. gr. frumvarpsins er kveðið á um réttaráhrif friðunar. Skipulagsstofnun telur að kveða þurfi fast að orði, svo sem að óheimilt sé að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.

Í 2. mgr. 59. gr. frumvarpsins er kveðið á um að leitað skuli umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar ef t.d. veiting framkvæmdaleyfis eða byggingarleyfis felur í sér röskun friðaðs vistkerfis, vistgerða og tegunda sbr. 58. gr. frumvarpsins. Að mati Skipulagsstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir að slík röskun sé heimil nema að fyrir liggi undanþága frá friðun skv. 60. gr. frumvarpsins, annað hvort áður en skipulag er samþykkt til auglýsingar og kynningar skv. skipulagslögum eða áður en sveitarstjórn samþykkir að leita meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 1. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga eða áður en grenndarkynningu á sér stað sbr. 44. gr. skipulagslaga. Sjá ábendingar við 57. gr. hér að framan. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að lagfæra orðlag 59. gr. með hliðsjón af þessu.

XII. kafli. Skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira.

Í 68. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndir séu umsagnaraðilar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta verndar skv. 57. gr. frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar þessara aðila við álit um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á að ekki tíðkast að gefa umsagnir um álit. Skipulagsstofnun þarf að óska umsagnar Umhverfisstofnar sem leyfisveitenda vegna ákvarðana um tillögur að matsáætlun og frummatsskýrslu skv. 8. og 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b sem og við ákvarðanir um matsskyldu skv. 6. gr. sömu laga. Því þarf að bæta inn í 2. mgr. 68. gr. ákvæði hvað varðar Umhverfisstofnun sem umsagnaraðila vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að stofnunin leitar alltaf umsagna sveitarfélaga á grundvelli sömu ákvæða og telur það vera á verksviði viðkomandi sveitarstjórna að óska eftir umsögnum hjá fagnefndum sveitarfélagsins.

Í 72. gr. frumvarpsins er ákvæði um auglýsingar utan þéttbýlis. Skipulagsstofnun leggur til að íhugað verði hvort ástæða sé til að breyta orðalaginu „á þeim stað“ í „á lóð viðkomandi atvinnurekstrar eða þjónustufyrirtækis“.

Í 75. gr. er kveðið á um eftirlit Umhverfisstofnunar á náttúruverndarsvæðum. Það vekur spurningu af hverju þessi grein um eftirlit sé ekki undir XIV. kafla, sem ber yfirskriftina „Umsjón og eftirlit með náttúruverndarsvæðum“.

Í a-lið 75. gr. segir að Umhverfisstofnun hafi eftirlit með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með öðrum lögum. Þessi hugsun mætti koma skýrar fram í lagatextanum, sbr. ábendingar um 76. gr. um hugsanlega skörun á ábyrgð sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar á eftirliti með framkvæmdum.

Í 76. gr. frumvarpsins er fjallað um að Umhverfisstofnun geti haldið uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdum með samkomulagi við framkvæmdaraðila. Minnt er á eftirlitsskyldu sveitarstjórna með leyfisskyldum framkvæmdum, skv. 3. mgr. 3. gr. skipulagslaga og því er tilefni til að í ákvæðinu sé gert ráð fyrir að slíkt samkomulag sé gert í samráði við sveitarstjórn og að hún sé aðili að slíku samkomulagi sbr. einnig ákvæði í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

XV. kafli. Þvingunarúrræði og viðurlög.

Í 3. mgr. 87. gr. er fjallað um dagsektir sem Umhverfisstofnun getur lagt á ef framkvæmdaraðili brýtur í bága við ákvæði náttúruverndarlaga. Samkvæmt 54. gr. skipulagslaga er sveitarstjórn einnig heimilt að leggja dagsektir á framkvæmdaraðila. Kanna verður hvort hægt sé að leggja tvöfaldar dagsektir af síthvoru stjórnvaldinu á sömu framkvæmdina.

Í 88. gr. frumvarpsins er fjallað um heimild Umhverfisstofnunar til að stöðva framkvæmdir . Í ákvæðinu er kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að stöðva tafarlaust framkvæmd sem er leyfisskyld skv. frumvarpinu og hafin er án þess að leyfi er fengið fyrir henni. Einnig segir: *Ef um er að ræða framkvæmd sem framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi hefur verið veitt til skal Umhverfisstofnun hafa samráð við skipulagsfulltrúa eða byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags áður en heimildinni er beitt.* Í 53. gr. skipulagslaga segir að ef framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni skuli skipulagsfulltrúi viðkomandi sveitarfélags stöðva slíkar framkvæmdir tafarlaust og leita staðfestingar sveitarstjórnar. Einnig þarf að koma fram í greininni að Umhverfisstofnun hafi samráð við skipulags- eða byggingarfulltrúa sé um að ræða framkvæmd sem hefur ekki fengið leyfi.

Í 89. gr. er fjallað um breytingu og afturköllun leyfis ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Sama ábending á við hér og gerð var við 76. gr. og 88. gr. um eftirlitsskyldu sveitarstjórna og skörun verkefna. Samkvæmt ákvæðinu er ekki ljóst hvort það eigi líka við leyfi til framkvæmda. Sveitarstjórn gefur út framkvæmdarleyfi og með réttu ætti sama stjórnvald að afturkalla eða breyta leyfi, sbr. 23. og 25. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Í 93. gr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi sem stofnunin gefur út samkvæmt lögum þessum. Að mati Skipulagsstofnunar væri skýrara að tilgreina hvaða leyfi hér um ræðir. Eins og áður hefur verið bent á leikur stundum vafi á, sérstaklega framar í frumvarpinu, hvort ákvæðið nái til framkvæmda skv. skipulagslögum og lögum um mannvirki.


Erna Hrönn Geirsdóttir